

Jafnréttis- og mannréttindaráð

Kynning fyrir Velferðar- og mannréttindaráði 24. janúar 2025

Hlutverk ráðsins var:

- Að fara með og móta jafnréttis- og mannréttindamál í víðtækum skilningi í bæjarfélaginu.
- Fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttinda- og jafnréttismála skv. gildandi jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar hver tíma.
- Veita bæjarstjórn, bæjarráði, nefndum og stofnunum bæjarins ráðgjöf um jafnréttis og mannréttindamál.
- Veitir árlega jafnréttisviðurkenningu þeirri stofnun, fyrirtæki, nefnd eða ráði Kópavogsbæjar, einstaklingi, félagi, fyrirtæki eða stofnun sem hefur að mati ráðsins staðið sig best undangengið ár við framgang jafnréttismála í Kópavogi.
- Að fara að öðru leyti með verkefni á sviði jafnréttis- og mannréttindamála sem nefndinni eru falin af bæjarráði, bæjarstjórn eða samkvæmt lögum.

Verkefni ráðsins

- Fyrirspurnir frá fulltrúum
- Verkefni frá stofnunum bæjarins
- Lögbundin verkefni

Dagskrá

Samþykkt að mál nr. 1 á dagskrá fundarins verði tekið inn á dagskrá fundar með afbrigðum skv. 16. gr. bæjarmálasamþykktar Kópavogs.

Almenn mál

1. 24082675 - Hinsegin málefni í leik- og grunnskólum Kópavogs

Hinsegin málefni í Kópavogsbæ til umfjöllunar í upphafi nýs skólaárs.

Í Kópavogi býr fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn og þarfir. Tilgangur samþykktar jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs er að öll fái notið mannréttinda og hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Öll eiga jafnan rétt á að njóta mannréttinda óháð kyni, kynhneigð, búsetu, þjóðerni, líkamsgerð, trú, tungumáli og öðru.

Jafnréttis- og mannréttindaráð hvetur skólasamfélagið í Kópavogsbæ til að vinna áfram ötullega að fræðslu og umræðu um hinsegin málefni og öruggu námsumhverfi fyrir alla nemendur og starfsfólk og þannig fyrirbyggja hverskonar mismunun.

Jafnréttis- og mannréttindaráð hvetur alla leikskóla, skóla og stofnanir í Kópavogi til að flagga regnbogafána í upphafi skólaárs til stuðnings þeim sem berjast fyrir réttindum hinsegin fólks í heiminum. Öll eiga jafnan rétt á að vera þau sjálf.

Jafnréttis- og mannréttindastefna

- Samþykkt á fundi ráðsins þann 22. nóvember 2023 og í desember hjá bæjarstjórn.
- Vinna að aðgerðaráætlun jafnréttismála enn í gangi en á lokastigi.

Jafnréttis- og mannréttindastefna

UM STEFNUNA

Í Kópavogi býr fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn og þarfir. Tilgangur þessarar stefnu er að öll fái notið mannréttinda og hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Stefnan er almennt orðuð svo hún hafi víða skirskotun til alls samfélagsins. Þá skal stefna þessi vera leiðbeinandi fyrir svið og stofnanir bæjarins hvað varðar jafnrétti og mannréttindi. Í þessari stefnu er sérstaklega vakin athygli á málefnum minnihlutahópa sem og málefnum barna og aldraðra.

Stefnuáherslurnar eru fjórar;

- Jafnrétti og mannréttindi
- Menntun, tómstundir og atvinna
- Aðgengi
- Fjölbreytt samfélag og inngilding

Jafnréttis- og mannréttindastefnan er unnin með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sérstök áhersla var lögð á eftirfarandi Heimsmarkmið;

Heilsa og vellíðan
Menntun fyrir alla
Jafnrétti kynjanna
Góð atvinna og hagvöxtur
Nýsköpun og innviðir
Aukinn jöfnuður

Stefna þessi er unnin af jafnréttis- og mannréttindaráði Kópavogsbæjar. Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. 12. 2023 (2210956).



JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI

- Öll eiga að hafa jafnt aðgengi og jafnan rétt á þjónustu bæjarins óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fótun, starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kynseinknum og kyntjáningu.
- Huga þarf sérstaklega að einstaklingum í viðkvæmri stöðu og jaðarsettum hópum. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustu bæjarins.

MENNTUN, TÓMSTUNDIR OG ATVINNA

- Öll börn eiga að hafa jafnt aðgengi að viðeigandi þjónustu hjá menntastofnunum bæjarins.
- Öll börn eiga að hafa möguleika á þátttöku til skipulagðs tómstunda-, frístunda- og sumarstarfs við hæfi óháð fótun eða öðrum áskorunum.
- Fólk af ólíkum uppruna sé hvatt til að nýta þjónustu bæjarins, sér í lagi barnafjölskyldur.
- Félags- og þjónustumiðstöðvar eldri borgara bjóði upp á tómstundastarf sem henti þeim fjölbreytta hópi sem eldri borgarar bæjarins eru.
- Auka fjölbreytileika í atvinnulífi bæjarins og m.a. fjölga hlutastörfum. Öll hafi kost á að leggja sitt af mörkum þó að einstaklingar búi við skerta starfsgetu.

ADGENGI

- Upplýsingagjöf á vegum bæjarins, þar á meðal vefsíða, eyðublað og annað útgefið efni, sé öllum aðgengilegt óháð tungumálakunnáttu, fótun eða annarra áskorana.
- Íbúar bæjarins hafi aðgang að þjónustu sem mæti þörfum íbúa og hvetji til sjálfstæðrar búsetu.
- Tryggja aðgengi fatlaðra að opinberum svæðum og stofnunum bæjarins.

FJÖLBREYTT SAMFÉLAG OG INNGILDING

- Auka fræðslu hjá starfsfólki bæjarins um fjölbreytileika og inngildingu.
- Efla færni eldri íbúa til þátttöku í stafrænum heimi.
- Stuðla að inngildingu íbúa með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem og þeirra sem glíma við jaðarsetningu.

Aðgerðaráætlun jafnréttismála

- Jafnréttis- og mannréttindaráð kom þar með sínar áherslur
- Annað er meira og minna lögbundið
- Þrískipt aðgerðaráætlun
 - Stjórnvald
 - Vinnuveitandi
 - Þjónustuveitandi

	Flokkar	Markmið	Aðgerðir	Abyrgð	Tímarammi	Stoðir
Launajafnrétti	Almenn ákvæði um launajafnrétti	Allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk af ólíkum kynjum.	Eftirfylgni og rýni á launagreiningu og umbótaáætlun. Er starfsemin að endurspegla fyrri launagreiningu? Hafa orðið breytingar á aðstæðum, t.d. lögum og kjarasamningum?	Starfshópur um jafnlaunakerfi	Lok mars ár hver	6. gr. laga um launajafnrétti nr. 150/2020.
			Móta launastefnu	Mannauðsdeild	Lok árs 2025	9. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 bann við mismunun í tengslum við laun og önnur kjör
			Umbótaverkefni í kjölfar jafnlaunaúttektar t.d. Skilgreina fasta yfirvinnu og önnur laun	Mannauðsdeild	Lok árs 2024	
			Rýna niðurstöður vinnustaðagreiningar um laun og	Starfshópur um jafnlaunakerfi	Lok árs 2025	

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðislega	Kynbundið ofbeldi og áreitni og kynferðisleg áreitni	Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni þrífist ekki á vinnustöðum	Sefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi og viðbragðsáætlun útgefin og aðgengileg öllu starfsfólki.			14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.
			Fræðsla til starfsfólks og áframhaldandi fræðsla til	EKKO tegmi	September ár hvert	
			Greina niðurstöður vinnustaðagreiningar varðandi EKKO mál.	EKKO tegmi	Desember 2024	

Félagsleg þjónusta	Ekki sé beitt mismunun á grundvelli kynþættis, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kynþjáningu við veitingu félagsþjónustu eða annarra félagslegrar kerfa á veginum Kópavogsbæjar.	Innleiðing jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogsbæjar	Jafnréttisfulltrúi		8. gr. laga um jafnrétti utan vinnumarkaðar nr. 85/2018.
Aðgengismál	Upplýsingar á vef bæjarins verði aðgengilegar á ensku og á þjónustugáttinni.	Viðhaldið af almannatengli	Stjórnsýslusvið		Vefstefna
	Tryggt að blindir hafi möguleika á að hlusta á efni á heimasíðu og þjónustugáttinni	Viðhaldið af almannatengli	Stjórnsýslusvið		Vefstefna



Veiting styrks og viðurkenningar jafnréttis- og mannréttindaráðs

- „Veitir árlega
jafnréttisviðurkenningu þeirri
stofnun, fyrirtæki, nefnd eða
ráði Kópavogsbæjar,
einstaklingi, félagi, fyrirtæki
eða stofnun sem hefur að mati
ráðsins staðið sig best
undangengið ár við framgang
jafnréttismála í Kópavogi“

Veiting styrks og viðurkenningar jafnréttis- og mannréttindaráðs

- Birt auglýsing í lok árs



JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI Í KÓPAVOGI

Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs auglýsir eftir:

- Umsókn um styrki til verkefna sem hafa framgang mannréttinda og jafnréttis í Kópavogi að markmiði.
Styrkir eru veittir einstaklingum, stofnunum, hagsmunasamtökum eða öðrum hópum. Heildarúthlutun er 400.000 kr.
- Ábendingum til viðurkenningar jafnréttis- og mannréttindaráðs.
Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, hópar eða félagsamtök sem hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttis- og mannréttindamála.

Umsókn um og ábendingum skal skilað fyrir 17. október á netfangið jafnrettisradgjafi@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

Veiting styrks og viðurkenningar jafnréttis- og mannréttindaráðs

- Ráðið veitti styrkinn fyrir 2025 þann 22. janúar sl.
- Tekin var ákvörðun um ráðstöfun styrksins á fundi ráðsins 4. desember 2024.



Spurningar?